



27. fundur Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Þórshöfn mánudaginn 11. september 2017 og hófst klukkan 12:00.

Mætt voru: Jósteynn Hermundsson, Oddur Skúlason, Karl Ásberg Steinsson og Jónas Egilsson sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna, setti fundinn og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð. Engin athugasemd gerð.

Dagskrá fundar

1. Umsókn frá Akurseli um stöðuleyfi fyrir kæligáma við Bakkaveg.
2. Umsókn um framlengingu á stöðuleyfi fyrir gám að Hálsvegi 10.
3. Beiðni um breytingu á atvinnuhúsnæði á Miðvangi 7, Bakkafirði og tillaga að grenndarkynningu.
4. Hreinsunarátak í Langanesbyggð – drög að texta bréfs.
5. Fyrirvaralaust eftirlit 14. ágúst hjá Langanesbyggð – bréf frá UST dags. 28. ágúst 2017 og skýrsla frá heimsókn 14. ágúst 2017.
6. Verkefni inn á fjárhagsáætlun 2018.
7. Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi – fjölrít Náttúrufræðistofnunar nr. 55, (sjá http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf bls. 178, 179, 180).
8. Önnur mál
 - 8.1. Fjarðarvegur 33, niðurstöður grenndarkynningar.

Fundargerð

1. Umsókn frá Akurseli um stöðuleyfi fyrir kæligáma við Bakkaveg

Fram er lögð beiðni frá Söru Stefánsdóttur, f.h. Akursels ehf., um stöðuleyfi fyrir tvo 40 feta kæligáma við geymsluhúsnæði við Bakkaveg 1 Þórshöfn. Sveitarstjóri hafði 3. sept. sl. gefið út samþykki um stöðuleyfi til og með 31. ágúst 2018.

Bókun um afgreiðslu: Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir framlagða umsókn fyrir sitt leyti.

Samþykkt samhljóða.

2. Umsókn um framlengingu á stöðuleyfi fyrir gám að Hálsvegi 10

Fram er lögð beiðni frá Víkingi Jónssyni dags. 15. ágúst 2017, um framlengingu á stöðuleyfi fyrir 40 feta gám við Hálsveg 10 Þórshöfn, til 31. maí 2018.

LANGANESBYGGÐ



Bókun um afgreiðslu: Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir framlagða umsókn fyrir sitt leyti, en minnir að stöðuleyfi er aðeins veitt í 12 mánuði.

3. Beiðni um breytingu á atvinnuhúsnæði á Miðvangi 7, Bakkafirði og tillaga að grenndarkynningu

Lagt fram erindi Strympu, skipulagsráðgjafar vegna grenndarkynningar á fyrirhuguðum breytingum á húsi við Miðvang 7 Bakkafirði. Breytingingin fellst í að hækka húsveggi um 90 cm.

Bókun um afgreiðslu: Samþykkt að heimila umbeðna grenndarkynningu. Niðurstöður kynningarinnar skulu lagðar fyrir umhverfis- og skipulagsnefnd til afgreiðslu. Grennd í þessu tilfelli telst vera: Bæjarás 1 til 11, Skólagata 2 og 4, Miðvangur 1, 3 og 9, Hafnargata 5 til 13b. Umhverfis- og skipulagsnefnd bendir á að umrætt hús sé skv. gildandi aðalskipulagi víkjandi (til niðurrifs).
Samþykkt samhljóða.

4. Hreinsunaráttak í Langanesbyggð – drög að texta bréfs

Tillaga að texta bréfs til einstaklinga og fyrirtækja í Langanesbyggð með tilvísun í lög og reglugerðir vegna rusls, gáma, smárra og stórra hluta og öðru sem er lýti á umhverfinu.

Samþykkt um bókun: Umhverfis- og skipulagsnefnd beinir því til sveitarstjórnar að ákvörðun verði tekin um að senda bréf til húseigenda og fyrirtækja í sveitarfélaginu þar sem þeim er gerð grein fyrir ábyrgð sinni á sínu umhverfi og vilja sveitarfélagsins um að rusl og annað óviðeigandi verði ekki skilið eftir svo lýti séu á því.
Samþykkt samhljóða.

5. Fyrirvaralaust eftirlit 14. ágúst hjá Langanesbyggð – bréf frá UST dags. 28. ágúst 2017 og skýrsla frá heimsókn 14. ágúst 2017

Lögð fram skýrsla og bréf frá UST vegna fyrirvaralausrar heimsóknar 14. ágúst sl. á urðunarsvæði á Bakkafirði.

Bókun um samþykkt: Umhverfis- og skipulagsnefnd beinir því sveitarstjórnar að unnið verði að úrbótum skv. ábendingum UST sem allra fyrst.
Samþykkt samhljóða.

6. Verkefni inn á fjárhagsáætlun 2018

Samþykkt um bókun: Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að á fjárhagsáætlun 2018 verði gert ráð fyrir að vinna við deiliskipulag á Bakkafirði og á Þórshöfn verði hafin.

7. Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi – fjölrít Náttúrufræðistofnunar nr. 55

Ritið lagt fram. Í því kemur fram að þrjú svæði í Langanesbyggð eru skilgreind sem mikilvæg fuglasvæði, þ.e. Skoravíkurbjarg, Langanesbjörg (Skálabjarg) og Viðvíkurbjörg.



LANGANESBYGGÐ

8. Önnur mál

8.1. Lögð fram grenndarkynning vegna breytinga á húsi við Fjarðarveg 33. Kynningin fór fram skv. ákvörðun nefndarinnar á fundi hennar 24. júlí sl. Nefndin samþykkir breytingarnar fyrir sitt leyti og vísar afgreiðslu málsins til byggingarfulltrúa til meðferðar.

8.2. Nýr samningur við Íslenska Gámafélagið ræddur.

Fleira ekki gert, fundargerð upp lesin og fundi slitið kl. 13:25.